



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 19. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0027

IAS

Efni: Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Skilmálabreytingar – Varúðarsvæði. Vinnslutillaga.

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar frá 12. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skilmálabreytingar vegna varúðarssvæða/þynningarsvæða í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.

Með þessari breytingu á aðalskipulagi verða ákvæði um varúðarsvæði við Grundartanga uppfærð m.t.t. nýrra laga og reglugerða. Heimildir til landnotkunar eru rýmkaðar að því gefnu að sýnt sé fram á að mengandi efni hafi ekki safnast upp yfir viðmiðunarmörk í grunnvatni og jarðvegi. Áréttað er að takmarkanir á landnotkun og viðmiðunarmörk fyrir mengun voru sett af hálfu ríkisvaldsins og opinberra stofnana. Sveitarfélagið annast ekki framkvæmd mælinga en skilmálar gera þó ráð fyrir að niðurstöður mælinga liggi fyrir áður en heimilt til landnotkunar eru nýttar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir vinnslutillöguna og tekur undir þá athugasemd sem fram kemur í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að forsendur og skilmálar séu „.. ekki nægilega skýr eða studd gögnum til að rýmka landnotkun innan varúðarsvæðis við Grundartanga. Í tillögunni er gert ráð fyrir að heimila matvælaframleiðslu og fasta búsetu “að því gefnu að mælingar hafi farið fram” og sýni að jarðvegur og grunnvatn séu undir viðmiðunarmörkum.“

Ekkert kemur fram um hver beri ábyrgð á sýnatöku og mælingum eða hvernig sýnataka og úrvinnsla eigi að fara fram.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekar athugasemdir en áskilur sér frétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur